

Endurskoðunin var framkvæmd eftir viðteknum endurskoðunarvenjum og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem ég taldi nauðsynlegar.

Það er álit mitt, að ársreikningurinn sé saminn í samræmi við lög og samþykktir og gefi, miðað við þær reikningsskilaaðferðir, sem beitt er og lýst er í skýringum, glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1994, efnahag hans hinn 31. desember 1994 og breytingu handbærs fjár á árinu 1994.

Reykjavík, 6. júní 1995.

Gunnar Zoëga, lögg. end.

Skýrsla stjórnar.

Starfsemi Bjargráðasjóðs var með hefðbundnum hætti á árinu 1994. Haldnir voru 7 stjórnarfundir, þar sem 624 mál voru tekin fyrir.

Þann 21. febrúar 1994 var gefin út ný reglugerð fyrir sjóðinn. Unnið er að endurskoðun laga um Bjargráðasjóð.

Stjórn Bjargráðasjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 1994 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. júní 1995.

Berglind Ásgeirsdóttir. Bjarni Kr. Lárusson.

Haukur Halldórsson. Jón Helgason.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Áritun framkvæmdastjóra.

Reykjavík, 6. júní 1995.

Þórður Skúlason. Birgir L. Blöndal.

AUGLÝSING

um frítekjumark tekjutryggingar almannatrygginga.

1. gr.

Frítekjumark samkvæmt 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 skal frá 1. september 1995 vera óbreytt frá því sem segir í reglugerð nr. 232/1993.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 117/1993, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. ágúst 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Páll Sigurðsson.